



## Vegalagnir á Seleyri og verndun vatnsbólsins

**Guttormur Sigbjarnarson**

**Greinargerð GS-91-01**

## VEGALAGNIR Á SELEYRI OG VERNDUN VATNSBÓLSINS

Mánudaginn 11. mars 1991 fór ég að beiðni Borgarnessbæjar í vettvangskönnun að Seleyri ásamt Baldri Tómassyni og Auðunni Hálfánarsyni, umdæmistæknifræðingi, hjá Vegagerð ríkisins í Borgarnesi, en hann kynnti fyrir mér áætlaðar vegaframkvæmdir á Seleyri vegna fyrirhugaðra breytinga á veginum inn í Andakílshrepp. Erindi ferðarinnar var að leggja mat á, hvort fyrirhugaðar vegabreytingar gætu á einhvern hátt hugsanlega mengað eða raskað vatnsbóli Borgarness í Seleyri.

Miðað við fyrri kröfur, sem gerðar hafa verið til verndunar vatnsbólsins, þá liggur fyrirhugað vegstæði, eins og það er sýnt grænritað á hjálögðu loftmyndarkorti, hvorki nær vatnsbólinu né fremur í straumstefnuna að því, heldur en núverandi vegur, svo að það fullnægir á þann hátt fyrri verndunarkröfum. Samt þykir rétt að taka fram eftirfarnadi atriði:


1. Á sjálfu sér eykur það fremur á öryggi vatnsbólsins við olíumengunarhættu vegna umferðaróhappa, að nýi vegurinn liggur neðan vatnsbólsins í stað þess að núverandi vegur liggur yfir vatnasviði vatnsbólanna. Það er því æskilegt að honum verði lokað í framtíðinni.
2. Við rannsóknir á aðstæðum við vatnsbólið á sínum tíma (Freyr Þórarinsson og Þórólfur H. Hafstað 1975) kom fram sú skoðun, að nokkur þétting væri við strönd Seleyrarinnar, sem meðal annars hindraði það, að sjór næði að dragast inn að vatnsbólinu við dælingu. Meðal annars þess vegna og vegna annarrar hættu á mengun er það eindregið lagt til, að ekki verði raskað við uppbyggingu eyrarinnar undir nýja veginum að minnsta kosti frá núverandi vegi og austur fyrir grónu eyrina, þ.e. að malarnáminu á austanverðri eyrinni, heldur verði efninu í veginn ekið ofan á núverandi gróðurþekju.
3. Á malarnámssvæðinu er einnig æskilegt að raska sem minnst við uppbyggingu eyrarinnar, og það mun vera æskilegt vegna framtíðapróunar lækjarfarveganna í malarnáminu að hafa vatnsrennurnar að minnsta kosti tvær í gegnum veginn (A og B á hjálagðri mynd), eða jafnvel fleiri.
4. Gætt verði ítrustu varfærni við alla meðferð á olíuvið vegalagninguna á Seleyri.

Að lokum skal þess getið hér, að reynslan af malarnáminu við vestara gilið á Seleyrinni sýnir ótvírætt, hvaða afleiðingar það hefur á vatnsröfið á eyrinni, þegar uppbyggingu hennar er raskað álvarlega. Enn á ný hefur vatnið rofið varnargarðana, enda voru þeir óvarðir. Ég vil nota hér tækifærið og taka undir tillögur Helga Jóhannessonar hjá VR frá því í nóvember 1990 til varnar frékara vatnsröfi í Ytra-Seleyragili, enda vann hann þær í fullu samráði við undirritaðan.

**HEIMILDIR:**

Freyr Þórarinnsson og Þórólfur H. Hafstað 1975: *Seleyri við Borgarfjörð*. OS-JKD 7511. Orkustofnun.

Helgi Jóhannesson 1990: *Varnir gegn rofi í Ytra-Seleyrargili*. Vegagerð ríkisins.

  
Guttormur Sigbjarnarnson

